

## Maintx viðhaldsstjórnunarkerfi

# MÆLAR



Veigamikill þáttur í viðhaldi tækja er að nýta mæla til þess að setja í gang úttektir eða aðgerðir.

## Mælar; til hvers eru þeir og hvernig eru þeir notaðir?

Þegar mælar eru valdir á t.d. tæki þarf að gera sér grein fyrir þörfinni, hverskonar mæli og hvað er það sem þarf að mæla eða er kannski ekki þörf á neinum mæli.

Ef það er ekkert sérstakt sem þarf að halda utanum og ekki er þörf á sérstökum mæli er valið "Dagatal". (kemur sjálfkrafa ef ekkert annað er valið)

Tökum hérna dæmi um bifreið og hvernig við gerum Kílómetramæli á hana.

Til að skrá kílómetramæli á bílinn veljum við flipann "Notkun". Ef enginn mælir er valin velur Maintx sjálfkrafa "Dagatalið".

Smellum á  til að opna gluggann fyrir mælana.



Veljum “Búa til nýjan mæli” og fyllum út listann.

**Heiti:**

Gott er að nefna mælinn eftir tækinu (t.d. skráningarnúmer eða nafn).

**Tegund keyrslu:**

Hvaða mælieiningu notar mælirinn: Dagur, Tímar, Míllur, Tonn, Lítrar, Kílómetrar eða

Ferðir. (í þessu tilfalli = Kílómetrar (allur aflestur og skráning í km)).

**Skráning:**

Sjálfvirk: Rafrænn aflestur er sjálfkrafa sendur í Maintx.

Handvirk: Notandi les af mælinum á tækinu og skráir það svo inn í Maintx.

**Viðbót sem:**

Mælir: Heildarnotkun mælis. (Lesið af mæli og aflestur skráður beint inn.)

Viðbót: Þegar notkun er skráð frá síðustu skráningu, t.d. notaði “155 lítrar” frá síðustu skráningu, eða vélin keyrði “94 tíma” frá síðustu skráningu.

**Ábyrgð:**

Hver er ábyrgur fyrir að lesa af þessum mæli. (hægri smellt í box og starfsmaður valinn úr lista).

**Dagur:**

Hversu oft viltu að Maintx fari fram á aflestur á mæli. (í þessu tilfalli á 45. daga fresti) **Áætla viðbót:**

Haka við ef við óskum að Maintx áætli sjálfkrafa hversu mikið notkuninn er (reiknað út frá síðustu 2– 3 mælingum). Verk vakna þá þegar áætluðu marki er náð þó svo að ekki hafi verið lesið af nýlega.

Ökutæki með kílómetramæli eru alltaf hvert með sinn mæli.

Gott er að skýra mælinn útfrá númeri eða nafni bílsins/tækis svo auðveldara sé að átta sig á því hverjum hann tilheyrir.



Ef við viljum útbúa nýjan mæli fyrir þessa einingu smellum við á þennan hnapp.

Yfirleitt er hver eining með sinn mæli

Kílómetramælar á ökutækjum eru alltaf útbúnir fyrir hvert tæki fyrir sig.



Stundum þurfum við ekki á neinum sérstökum mæli að halda og þá veljum við "Nota Dagatalið"



Ef við viljum nota mæli sem þegar hefur verið búin til smellum við á "Nota eldri mæli"

Ef t.d. við erum að skrá fleiri tæki sem nota sama teljara/mæli.

Skráning á notkun

**Skráðir mælar vegna notkunar**

Númer	Heði	Tegund	Notkun	Síðast skráð	Meðaltal	Skráning
1	Dagatal	Dagatal	0,00	26/01/2018	0,00	Sjálfvirk
2	Tk-445	Kílómetrar	0,00	26/01/2018	0,00	Handvirk
3	Re-773	Kílómetrar	0,00	26/01/2018	0,00	Handvirk
4	Pökkunarvél 2	Tímar	0,00	20/02/2018	0,00	Handvirk

